# Bókmenntir og listaverkaprentanir Helgafells



Málverkaprentanir Helgafells munu hafa sömu þýðingu fyrir íslenzku heimilin og bókin og hljóðfærið. Fyrirliggjandi málverkaprentanir eftir myndum Ásgríms, Kjarvals, Jóns Stefánssonar, Schevings, Svavars, Þorvaldar, Engilberts, Þórarins Þorlákssonar, Ásgerðar Búadóttur, Kristjáns Davíðssonar og Muggs.

Mesta bókaúrval landsins. Bækur Gunnars, Nordals, Davíðs, Laxness, Tómasar, Steins, Hagalíns, Þórbergs, Jakobs Thorarensen, Kambans, Kristmanns, Guðmundar Daníelssonar og fjölda annarra öndvegishöfunda okkar fyrr og síðar.



Hreinn Friðfinnsson

Helgafell bauð höfuðstaðarbúum fyrir skömmu að skoða sýningu á málverkaprentunum sínum og voru þar jafnframt til sýnis málverkin sjálf, sem prentanirnar voru gerðar eftir, svo allir gætu fullvissað sig um það með eigin augum, að þær væru vel gerðar. Voru veitt 10 verðlaun til þeirra, er sagt gætu rétt til um, hvað væru frummyndir og hvað eftirprentanir. Af þeim hundruðum manna, sem skoðuðu sýninguna og tilraun gerðu til að ákveða, hvað væru frummyndir og hvað eftirmyndir, var aðeins einn maður, sem rétt gat sagt til um allar myndirnar. Var það ungur maður vestan úr Dölum, nemandi í Handíðaskólanum. — Þessi ungi maður, *Hreinn Friðfinnsson* frá Bæ í Miðdölum, fékk öll verðlaunin, 10 málverkaprentanir.

# Málverkaprentanir Helgafells

Manneskjunum er það náttúrlegast að njóta listar og listflutnings milliliðalaust, jafnt tónlistar, myndlistar og leiklistar — sækja tónleika og leikhús og hafa myndlistarverkin hjá sér, en ekki að heyra leiklist og músik í útvarpi og skoða myndlistarverk í bókum. Skýringin á þessari þrjózku þeirra gagnvart tækninni er sú, að það líf, sem aldrei endurtekur sig, orkar síður á manninn á þann veg að rígskorða hann í einstrengingslegu móti eða kreddum. Ólífræn fullkomnun er í eðli sínu uppgjöf, því listin krefst stöðugrar endurnýjunar í stað endurtekninga. Því hlýtur vélræn margföldun listarinnar að skoðast sem bráðabirgðalausn á listrænum vandamálum mannsins.

Með sívaxandi tækni á öllum sviðum, hlýtur að því að líða, og er raunar þegar komið á daginn, að framleiðsla almennra nauðsynja tekur aðeins við litlum hluta þess vinnuafls og tíma, sem mannkynið ræður yfir, og í framtíðinni mun fólk í miklu stærra mæli nota tímann til þess að njóta lífsins, þjálfa hug sinn til andlegra fangbragða við þau hugðarefni sín, sem ofar liggja hversdagslegu brauðstriti.

Til þess að uppfylla þessar nýju kröfur til viðfangsefna, hefir í svipinn orðið að grípa til þess örþrifaráðs að „framleiða" listaverk, í því skyni að mæta hinni síauknu eftirspurn. Þannig var á sínum tíma með skinnhandritin, þau entust ekki til að fríða hinn sístækkandi lesendahóp. Á sömu leið hefir farið með tónlist og leiklist. Þar hefir verið gripið til filmunnar, tónbandsins, grammófónplötunnar. Og nú er svo komið, að sú hljómlist, sem flutt er á tónleikum og leiklistin, sem fram fer innan veggja leikhúsanna, er aðeins lítið brot af því, sem fólk heimtar að heyra og sjá.

Máralistin hefir þó orðið dálítið útundan. Þó nokkuð langt sé liðið síðan farið var að prenta listaverkabækur, var framleiðsla þeirra fram á síðustu tíma í svo smáum stíl, að litlu varð áorkað í þá átt að halda þeirri listgrein að fólkinu í hlutfalli við þýðingu hennar, og auk þess er málaralistin miklu hlédrægari en aðrar greinir lista, og verður það aðeins bætt upp með því að hafa hana lengur fyrir augunum. Málverkið á að jafnaði heima uppi á vegg, og þaðan orkar það með eðlilegustum hætti á áhorfandann, helzt árum saman.

Málverkaprentanir Helgafells eru gerðar til þess að bæta úr brýnni þörf. Hljómlistin og leiklistin líða á öldum ljósvakans fram til fjalla og út á yztu annes, og bókin er fyrir nokkru orðin almenningseign á þessu landi. En málverkið eitt er öllum fjöldanum falinn leyndardómur líkt og hin dýrmætu handrit til forna. Litprentun málverkanna var orðin jafnbrýn nauðsyn og afritun handritanna og prentun þeirra. Sinfóníur Beethovens hljóma án afláts um allt Ísland. Skáldverk Laxness eru bæði til á heimilunum og þau eru lesin fyrir fólk í útvarpinu, en málverkum Kjarvals verður ekki útvarpað, enda mörg læst inn í einkaíbúðum, og verða þar áfram um ófyrirsjáanlega framtíð.

En nú mun einangrun myndlistarinnar brátt rofin, og á næstu tíu árum verður unnið að því að hvert einasta heimili á Íslandi eigi jafnt aðgang að beztu myndlistarverkum okkar og úrvals bókmenntum — list Kjarvals og Laxness gert jafnhátt undir höfði. — Íslendingar munu fljótt átta sig á því, að án þessarra tveggja, og annarra öndvegissnillinga okkar í hinum ýmsu greinum listarinnar, er jafnóhugsandi að vera. Og þessi nýja útgáfustarfsemi mun hafa svipaða þýðingu fyrir íslenzkt heimilislíf og bókin og hljóðfærið.



ÁSGRÍMUR JÓNSSON var fæddur árið 1876 í Árnessýslu. Hann mun alltaf verða talinn brautryðjandinn í íslenzkri málaralist, og margir hinna yngri myndlistarmanna lærðu um tíma hjá honum — m.a. þeir Þorvaldur Skúlason og Sigurjón Ólafsson, sömuleiðis Þórarinn Þorláksson, Kjarval og Sveinn Þórarinsson. Ásgrímur Jónsson dó fyrir rúmu ári, 82 ára gamall, og lauk við síðasta verk sitt fjórum dögum áður en hann lézt. Hann gaf ríkinu öll myndlistarverk sín eftir sinn dag, og mun láta nærri að íslenzka ríkið hafi þannig eignazt hálft lífsstarf hans. Verk hans eru í eigu margra frægra safna víða um heim, og hann var einn af sárfáum norrænum málurum valinn meðlimur sænsku akademíunnar, sem er mikill heiður. Ásgrím má hiklaust telja í fremstu röð málara á Norðurlöndum og margir álíta hann einn hinn allra bezta vatnslitamálara yfirleitt. Ásgrímur málaði mest landslagsmyndir úr íslenzkri náttúru og þá umfram allt ljósbrigði náttúrunnar.

BLÓM eftir Ásgrím Jónsson. Myndin er máluð í Þýzkalandi, en listamaðurinn bjó þar á hressingarheimili sér til heilsubótar. Þetta var ein af uppáhaldsmyndum málarans, mynd af hamingju hans er heilsan var batnandi. Þegar hann sá eftirprentunina var hann svo hrifinn af henni, að hann skrifaði á nokkur eintök og sendi ýmsum beztu vinum sínum með þeim ummælum að hún mætti teljast jafngóð fyrirmyndinni. — Verð 455.00 kr. Innrömmuð 665.00 — 705.00 kr.



HJALTASTAÐABLÁIN eftir Ásgrím Jónsson. — Meðal þeirra tíu mynda, sem listamaðurinn ráðgerði að fyrst yrðu prentaðar eftir sig, valdi hann þessa mynd. Hann hafði málað þrjár myndir frá þessum stað, en þótti þessi bezt, og taldi hana eitt af sínum allra beztu olíumálverkum. Hjaltastaðabláin er á Austurlandi.

Myndin er máluð er listamaðurinn var milli fimmtugs og sextugs, ákaflega mild í litum og föst í formi.

Verð 725,00 kr. Innrömmuð frá 945,00 til 985,00 kr.



HORNAFJÖRÐUR eftir Ásgrím Jónsson. — Myndin er máluð árið 1912 og talin ein af allra fegurstu vatnslitamyndum listamannsins frá yngri árum hans. Ásgrímur komst sjálfur þannig að orði um þessa mynd, að hún væri að vísu frá einum fegursta stað landsins, en umfram allt væri þetta mynd af heiminum fyrir fyrra heimsstríð, er kyrrð, fegurð og hreinleiki ríkti enn í veröldinni og loft ekki ævi blandið eins og síðar. Á myndinni sést Vatnajökull og skriðjöklarnir, sem nú eru að mestu horfnir.

Verð 645,00 kr. Innrömmuð 845,00 til 885,00 kr.

Jón Stefánsson hefir stundum verið kallaður sagnaritarinn í íslenzkri málaralist, og eru það orð að sönnu. Fyrirmyndin er aðeins grind, er hann klæðir sínum eigin hugsunum og endurminningum úr þjóðlífi og sögu. Jón er fæddur á Sauðárkróki árið 1881. Hann tók stúdentspróf og hóf síðan verkfræðinám. En hugurinn hneigðist snemma í aðrar áttir. Hann hætti því námi og tók að leggja stund á málaralist, fyrst í Danmörku og síðar í París hjá sjálfum Matisse. Jón tekur árlega þátt í sýningum nokkurra kunnustu málara Dana og er talinn þar einn fremsti málari á Norðurlöndum. Hundruð mynda hans skreyta söfn og einkahíbýli um alla Evrópu og víðar.



SUMARNÓTT er eitt af allra fegurstu og kunnustu málverkum Jóns, og hefir nú í áratug verið á aðalvegg forsetabústaðarins á Bessastöðum. Líklega hefir kyrrð íslenzkra sumarnátta, með rjómalogni á tjörnum, aldrei verið betur lýst.

Verð 695,00 kr. Innrömmuð 925,00 til 965,00 kr.



STÓÐHESTAR er ein af síðustu stóru hestamyndunum, sem Jón hefir málað. Fremst á myndinni stendur reisulegur rauður foli og lætur allófriðlega, eins og herforingi, sem býst til vopnaðrar árásar, en á bak við hann hópur hesta á beit og í ljúfum samræðum. Hagarnir, fjöllin og jöklarnir eru líka í sólskinsskapi. Öll einkenni hins dýrðlega sumardags á Íslandi eru hér dregin fram á sjónarsviðið.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 750,00 til 790,00 kr.



DAGRENNING VIÐ HORNBJARG. — Mynd þessa lauk málarinn við árið 1957 og sýndi hana það ár á samsýningu í Kaupmannahöfn og var hún þar kölluð tröllaukið listaverk. Yzt til vinstri rís Hornbjargið upp úr dimmbláum sjó, einskonar sambland af þokukenndum himnastiga og ferlegum kletti. Eldrauð skýin kasta lit á bjargið og auka tign þess og töfra. Tveir ernir svífa ofar skýjunum og „horfa í himinljómann". Líklega er hér um að ræða endurminningu frá æskuferðum listamannsins fyrir Horn.

Verð 680,00 kr. — Innrömmuð 900,00 til 940,00 kr.

Jóhannes Kjarval er eins og náttúra Íslands — í senn skelfileg og heillandi, heit eins og eldurinn, köld eins og jökullinn. Hvar lindin tær og mjólkurþykkt jökulfljótið falla til hafs. Á yfirborðinu eru flestar myndir Kjarvals mjög hlédrægar, breiddur mosi eða gras yfir glóðirnar, en eldurinn verður ekki falinn til lengdar. — Jóhannes Kjarval er í augum flestra Íslendinga höfuðsnillingurinn, fjölbreytnin svo ótrúleg, kraftkrinn óendanlegur.



„ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIFA" er máluð í rigningu vestur á Snæfellsnesi. Náttúran er dálítið drungaleg og veðurhorfur tvísýnar. Drengirnir í fjörunni vita vel hvað þeir vilja, og það er ekki gaman að lifa fyrir það eitt að allt leikur í lyndi, heldur miklu fremur vegna þess, að þeir þora að horfast í augu við hina tvísýnu veröld, og eru ákveðnir í að bjarga henni. — Á yfirlitssýningu í tilefni af sjötugsafmæli listamannsins var þessi mynd valin til eftirprentunar af þremur málurum, og talin í hópi beztu mynda Kjarvals.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 750,00 til 790,00 kr.

„ÍSLANDS ER ÞAÐ LAG" ber nafn með réttu. Þetta er mynd af Íslandi. Litríkir blómknúpparnir brosa upp úr snjónum og andlit í hverjum steini, jafnvel úðinn af fossinum dregst saman í mikilúðlega andlitsmynd. Listamaðurinn vann að þessu málverki í áratug, áður en hann setti nafn sitt á það.

Verð 650,00 kr. — Innrömmuð 870,00 til 910,00 kr.





„FJALLAMJÓLK". Þessi mynd er af Þingvöllum — Flosagjá, Spöngin, Ármannsfell. „Gat ei nema Guð og eldur gjört svo dýrðlegt furðuverk". Þessi orð Jónasar koma manni ósjálfrátt í hug andspænis þessu furðuverki Kjarvals.

Verð 750,00 kr. — Innrömmuð 970,00 til 995,00 kr.

Gunnlaugur Scheving er aðeins rúmlega fimmtugur, fæddur á Suðurlandi. Hann fluttist mjög ungur til Seyðisfjarðar og kynntist þar náið lífi og starfi sjómanna, en langflestar myndir hefir málarinn gert af skipum og sjómönnum og lífinu á hafinu. Á seinni árum hefir hann þó heillast mjög af sögulegum efnum, einkum þjóðkvæðum og rímum. Myndir Schevings eru allar fígúratívar, en þó yfirleitt ekki þannig að hann máli eftir ákveðnum fyrirmyndum, heldur safnar hann áhrifum þeirra og fellir saman að eigin geðþótta. Scheving er algerlega sjálfstæður listamaður, minnir aldrei á neina aðra málara. Hann er tvímælalaust einn af okkar allra mestu listamönnum fyrr og síðar.

„MATARHLÉ" er mjög týpísk fyrir Scheving. Fjölskyldan situr að drykkju út í laut á enginu. Hafið og þorpið í fjarska. Fullkomin samstilling huga og tauga eins og í kirkju. Hljóðlát gleði ríkir yfir hafinu, þorpinu og fólkinu. Hér er það öryggi, sem allir leita að. Mynd þessi gæti heitið „Fjölskylda þjóðanna".



Verð 455,00 kr. — Innrömmuð 675,00 til 715,00 kr.



„GAMLA BÚÐIN“. Myndin er frá gamalli búð í Grindavík. Þar hanga enn í lofti pottar og pönnur, lampar og sleifar og í afgreiðsluborðinu eru skúffur með mjöli og sykri. Hér er hin rétta stemning aldamótabúðanna. Hraði og þrifnaður kjörbúðanna hefir ekki hafið innreið sína. — Búð, sem lyktar af rúsínum, olíu víni og kaffi, samkomustaður og draumaland barnanna!

Verð 605,00 kr. — Innrömmuð 825,00 til 865,00 kr.

ÞORVALDUR SKÚLASON er einn okkar fjölgáfaðasti listamaður og í hópi allra beztu málara. Fyrstu myndir hans minna dálítið á Ásgrím Jónsson, kennara hans, og þó fremur á Mugg. — Seinna varð hann fyrstur til að koma hér með nýjan stíl, og náði þar á nokkrum árum mjög hátt og stöðugt hærra og hærra allt fram til ársins 1946, að hann byrjaði að mála afstrakt. Hann er sá íslenzki listamaður, ásamt Svavari Guðnasyni og Nínu Tryggvadóttur, sem náð hafa sterkustu tökum á óhlutlægum listformum. Síðustu afstraktmyndir Þorvaldar eru stórbrotin verk, formföst, en rík af mannlegri hlýju.



„AFSTRAKT MÁLVERK“ er ein þeirra afstraktmynda Þorvaldar, er lítið lætur yfir sér við fyrstu sjón, en vinnur stöðugt á við kynningu. Myndin er í fremur léttum og mildum litum.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 640,00 til 680,00 kr.



„TELPUR Í BOLTALEIK“ Þetta er að margra dómi ein allra bezta mynd, sem Þorvaldur hefir gert. Er hún prentuð í sömu stærð og frummyndin. Hreyfingin í myndinni er eðlileg, og hún er rík af glaðlegum og frískum litum, sem gera leik telpnanna sannfærandi.

Eins og um flestar myndir Þorvaldar, tekur það marga nokkurn tíma að kynnast henni, en þeir, sem fengið hafa þessa mynd, hafa eignazt sannan og tryggan vin, sem þeir skiljast ógjarna við.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 630,00 til 670,00 kr.

JÓN ENGILBERTS sameinar í myndum sínum heitar ástríður og frumstætt mannlíf, og margslungin og hálistræn vinnubrögð. Myndir Jóns eru heitar í litum, sem tala máli sterkra tilfinninga og ofsafenginna ástríðna. Jón er málari æskufólksins.



„VÍFILFELL ÚR KÓPAVOGI“ er máluð um vetur er Jón bjó í Kópavogi. Það er snjór á jörðu og lífið dálítið dapurlegt. Kannske þröngt um ástir og vistir hjá þeim, sem reika eftir götuslóðanum inn í voginn. En undir snjónum er jörðin volg, því vorið er á næstu grösum. Jón er eins og títt var með þessari þjóð hér áður fyrr, mjög háður náttúrunni. Þegar dimmt er og kalt leggst þungur drungi yfir sál hans, en er birtir andar hann djúpt og fagnar sterkt. Þetta er af ýmsum talin bezta myndin, sem Jón hefir nokkru sinni málað.

Verð 455,00 kr. — Innrömmuð 675,00 til 715,00 kr.

Svavar Guðnason er frumherji í íslenzkri afstraktlist og einn af brautryðjendum afstraktlistar á Norðurlöndum yfirleitt, enda nýtur hann mikils álits erlendis. Svavar er mikill koloristi og á seinni árum hefir hann náð í myndum sínum hreyfingu og spennu, sem er í ætt við sjálfa kjarnorkuna. Ef til vill er Svavar íslenzkastur allra hinna yngri málara okkar, t. d. er vorleysingin í mynd hans „LEYSING“ hreinislenzk. — Þessi mynd Svavars kafnar ekki undir nafni.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 640,00 til 680,00 kr.





Þórarinn Þorláksson lærði að vísu um tíma hjá Ásgrími Jónssyni, en hann verður þó að teljast eldri en hann, listform hans heyrandi til eldri tíma. Þórarinn málaði alla tíð aðeins í frístundum sínum, en náði þó undraverðri leikni með pensilinn og tökum á viðfangsefnum sínum. Myndir hans eru ákaflega vandlega unnar og mjög sannar.

„HEKLA“ eftir Þórarinn Þorláksson, málaði listamaðurinn skömmu áður en hann lézt. Hann átti sumarbústað í brekkunni fyrir vestan Laugarvatnsbæinn og mun hann hafa staðið upp í brekkunni er hann málaði myndina. Myndin er talin ein af þremur beztu myndum málarans.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 750,00 til 790,00 kr.

Guðmundur Thorsteinson, „Muggur“, dó rúmlega þrítugur eins og Schubert og Mozart. „Muggur“ var skáld, söngvari og málari, listamaður af guðs náð. Ef hann hefði náð hærri aldri, er mjög erfitt að spá um það hvaða stefnu list hans hefði tekið, því snilligáfa hans var ótvíræð. Síðustu árin málaði hann mestmegnis myndir fyrir áhrif — beint eða óbeint — frá Heilagri ritningu, og eru tvær þeirra tvímælalaust fremstar: Sjöundi dagur í Paradís og altaristaflan, Jesús læknar blinda, sem nú er á Bessastöðum. Margir veita því athygli er skoða myndina „Sjöundi dagur í Paradís“ hve hún minnir stundum á ýmislegt er hinn frægi ameríski teiknimyndamálari, Walt Disney, gerði áratugum síðar.

Verð 605,00 kr. — Innrömmuð 795,00 til 835,00 kr.





Ásgerður Búadóttir er ung kona, sem lærði málaralist í Kaupmannahöfn. Nú síðustu árin hefir hún mestmegnis helgað sig vefnaði og gert fjölda verka, sem vakið hafa mikla athygli hér og erlendis. Mynd hennar, „KONA MEÐ FUGL“, var sýnd á norrænni listsýningu í München fyrir tveimur árum, þar sem til sýnis voru 5000 listmunir og listaverk, og fékk hún gullmedalíu fyrir þetta verk.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 630,00 til 670,00 kr.



Kristján Davíðsson er í hópi hinna allra fremstu yngri málara okkar. Hann stundaði nám í Ameríku og víðar og náði feikna tækni og mjög persónulegri túlkun. Mynd hans, „ÁNING“, er máluð fyrir meira en áratug. Hin síðustu árin hefir Kristján málað mest afstraktmyndir og sýnt þar mikla hugkvæmni, enda eru litir hans leiftrandi glaðir og safamiklir. Á sýningu, er hann hélt í Listasafninu síðastliðið ár, seldust allar myndirnar og munu fá dæmi þess hér áður.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 740,00 til 780,00 kr.

# MESTA BÓKAVAL LANDSINS

## Helgafellsbækur með hagkvæmum afborgunarskilmálum

Meðal bókanna, sem nú fást með afborgunarskilmálum, má nefna til dæmis:

Rit Halldórs K. Laxness:

Snæfríður Íslandssól kr. 190.00 — Alþýðubókin kr. 220.00 — Gerpla kr. 250.00 — Kvæðakver kr. 220.00 — Þættir kr. 200.00 — Silfurtúnglið kr. 170.00 — Dagur í senn kr. 200.00 — Heimsljós kr. 380.00 — Brekkukotsannáll kr. 285.00 — Heiman eg fór kr. 190.00 — Vefarinn mikli frá Kasmír kr. 285.00 — Íslandsklukkan kr. 285.00

| | |
|---|---|
| Samtals | — 2875.00 |
| Peter Hallberg: Vefarinn mikli, ib. | — 190.00 |
| Ritsafn Davíðs Stefánssonar 1—5, ib. | — 1150.00 |
| Borgarættin, Gunnar Gunnarsson | — 180.00 |
| Kvæðasafn I, Magnús Ásgeirsson | — 190.00 |
| **Rit Sigurðar Nordal:** | |
| Áfangar I.—II. ób. | — 63.00 |
| Fornar ástir, sh. | — 58.00 |
| Völuspá, sh. | — 80.00 |
| **Rit Jakobs Thorarensen:** | |
| Svalt og bjart, ób. | — 80.00 |
| Hrímnætur, sh. | — 60.00 |
| Amstur dægranna, ób. | — 25.00 |
| Fólk á stjái, ib. | — 58.00 |
| Ljóðasafn Tómasar Guðmundssonar, rex. | — 120.00 |
| Ritsafn Jónasar Hallgrímssonar, sk. | — 450.00 |
| **Rit Guðmundar Kamban:** | |
| Skálholt 1—2, ib. | — 350.00 |
| Vítt sé ég land og fagurt, alsk. | — 160.00 |
| Meðan húsið svaf, sk. | — 50.00 |
| **Rit Kristmanns Guðmundssonar:** | |
| Helgafell, ib. | — 65.00 |
| Nátttröllið glottir, ób. | — 35.00 |
| Félagi kona, ób. | — 35.00 |
| Kvöld í Reykjavík, ób. | — 35.00 |
| Þokan rauða, ób | — 55.00 |
| Gógróður, sk. | — 60.00 |
| **Skáldsögur Jóns Björnssonar:** | |
| Jón Gerreksson, sk. | — 50.00 |
| Búddhamyndin, ób. | — 20.00 |
| Heiður ættarinnar, ób. | — 10.00 |
| **Rit Guðmundar Hagalíns:** | |
| Gestagangur, sk. | — 80.00 |
| Þrjár skáldsögur, sk. | — 100.00 |
| **Rit Þórbergs Þórðarsonar:** | |
| Bréf til Láru, ib. | — 75.00 |
| Indriði miðill, ób. | — 25.00 |
| Viðfjarðarundrin, ób. | — 24.00 |
| Sálmurinn um blómið I., rex. | — 90.00 |
| Sálmurinn um blómið I., sk. | — 120.00 |
| Sálmurinn um blómið II., rex. | — 98.00 |
| Sálmurinn um blómið II., sk. | — 135.00 |
| Steinarnir tala, rex. | — 140.00 |
| Um lönd og lýði, rex. | — 140.00 |
| Rökkuróperan, rex. | — 175.00 |
| Íslenzkur aðall, rex. | — 175.00 |
| Í kompaníi við allífið — Matth. Joh. talar við Þórb. rex | — 195.00 |
| **Rit Guðmundar Daníelssonar:** | |
| Mannspilin og ásinn, sk. | — 35.00 |
| Í fjallskugganum, ib. | — 55.00 |
| Sumar í suðurlöndum, ib. | — 55.00 |
| Blindingsleikur, ib. | — 75.00 |
| Knud Zimsen: Úr bæ í borg, sk. | — 150.00 |
| Jón Pálsson: Austantórur I.—III., ib | — 110.00 |
| Árni Pálsson, próf.: Á víð og dreif, sk. | — 80.00 |
| Haraldur Níelsson: Árin og eilífðin, ib. | — 80.00 |
| Árnesingasaga, ób. | — 48.00 |
| Árnesþing, ób. | — 105.00 |
| Saga Þingeyinga I. | — 20.00 |
| Saga Þingeyinga II. (Milli hafs og heiða), ób. | — 36.00 |
| Saga Þingeyinga III. (Lýsing S.-Þingeyjarsýslu), ób. | — 150.00 |
| Jólavaka | — 82.00 |
| Afmælisrit Alexanders Jóhannessonar, ób. | — 110.00 |
| Pétur Jónsson óperusöngvari, rex. | — 90.00 |
| Pétur Jónsson óperusöngvari, sk. | — 120.00 |
| Ævisaga Þorsteins Kjarval, ib. | — 65.00 |
| Læknabókin, ib. | — 65.00 |
| Blekking og þekking, ib. | kr. 85.00 |
| Sendibréf frá íslenzkum konum | — 65.00 |
| Vídalínspostilla, sk. | — 200.00 |
| Brennunjálssaga, alsk. | — 135.00 |
| Heimskringla, ib. | — 200.00 |
| Íslands þúsund ár, ljóðasafn I.—III. | — 300.00 |
| Ljóðasafn Páls Ólafssonar, sk. | — 120.00 |
| Ljóð (ný) Páls Ólafssonar, sk. | — 120.00 |
| Ljóðasafn Hannesar Hafstein, sk. | — 130.00 |
| Ljóðasafn Ólafar frá Hlöðum, sk. | — 88.00 |
| Ljóðasafn Arnar Arnarsonar, Illgresi, ib. | — 60.00 |
| Ljóð Halldór B. Björnsson, ób. | — 55.00 |
| Ljóð síra Sigurðar Einarssonar, ób. | — 50.00 |
| Ljóð ungra skálda, ób. | — 65.00 |
| Smásögur ungra höfunda | — 75.00 |
| Kvöldskin, Hjálmar frá Hofi, ib. | — 55.00 |
| Rit Gests Pálssonar I.—II., ib. | — 120.00 |
| Fólkið í landinu I. | — 75.00 |
| Fólkið í landinu II. | — 75.00 |
| Kristján Albertsson, Í gróandanum, rex. | — 90.00 |
| Kristján Albertsson, Í gróandanum, sk. | — 120.00 |
| Ég á gull að gjalda, Ragnh. Jónsdóttir, ib. | — 55.00 |
| Aðgát skal höfð, Ragnh. Jónsdóttir | — 55.00 |
| Sárt brenna gómarnir, Ragnh. Jónsdóttir | — 130.00 |
| Piltur og stúlka, Jón Thoroddsen, ib. | — 50.00 |
| Ævisaga Jóns Thoroddsen, Steingr. Þorsteinsson, sk. | — 144.00 |
| Þáttur Sigurðar málara, ib. | — 55.00 |

| | | |
|---|---|---|
| Upp við fossa, Þorgils gjallandi, ib. | — | 50.00 |
| Ofan úr óbyggðum, Þorgils gjallandi, ób. | — | 50.00 |
| Sópdyngja I.—II., ib. | — | 60.00 |
| Sagnakver Skúla Gíslasonar, sk. | — | 100.00 |
| Brynjólfur frá Minnanúpi: | | |
| Tillag til alþýðlegra fornfræða, ib. | — | 75.00 |
| Sagan af Þuríði formanni, ib. | — | 90.00 |
| Dulrænar smásögur, ib. | — | 80.00 |
| Sagnaþættir I.—II., ib. | — | 75.00 |
| Rit Ólafs Jóh. Sigurðssonar: | | |
| Speglar og fiðrildi, ób. | — | 18.00 |
| Litbrigði jarðarinnar, ib. | — | 25.00 |
| Teningar í tafli, ób. | — | 15.00 |
| Kvistir í altarinu, ób. | — | 15.00 |
| Rit Vilhjálms S. Vilhjálmssonar: | | |
| Brimar við Bölklett, ób. | — | 35.00 |
| Kvika, ób. | — | 30.00 |
| Beggja skauta byr, ób. | — | 55.00 |
| Á krossgötum, ób. | — | 35.00 |
| Íslands er það lag. ib. | — | 125.00 |
| Einar Ól. Sveinsson: Við uppsppretturnar, ib. | — | 145.00 |
| Steinn Steinarr: Ferð án fyrirheits, ib. | — | 148.00 |
| Davíð Stefánsson: Ljóð frá liðnu sumri, rex. | — | 144.00 |
| Davíð Stefánsson: Ljóð frá liðnu sumri, sk. | — | 190.00 |
| Jónas Hallgrímsson: Ljóð, ib. | — | 75.00 |
| Árbók skálda 1956, heft | — | 75.00 |
| Erlendar úrvalssögur og fræðirit: | | |
| Stríð og friður I.—IV., ib. | — | 190.00 |
| Klukkan kallar, ib. | — | 90.00 |
| Fýkur yfir hæðir, ib. | — | 75.00 |
| Myndin af Dorian Gray, ib. | — | 50.00 |
| Grónar götur, Knut Hamsun, ib. | — | 48.00 |
| Feður og synir, ib. | — | 40.00 |
| Listamannaþing, 10 úrvalsskáldsögur, ib., kr. 35.00 | — | 350.00 |
| Bókin um manninn, sk. | — | 140.00 |
| Fáni Noregs, Nordahl Grieg, í þýð. Davíðs St., ib. | — | 20.00 |
| Gatan I.—II., ób. | — | 40.00 |
| Nóatún, ib. | — | 40.00 |
| Gráúlfurinn | — | 42.00 |
| Saga skipanna, sk. | — | 60.00 |
| Á valdi vínguðsins, ib. | — | 20.00 |
| Færeyjar, ib. | — | 25.00 |
| Sól skein sunnan, ib. | — | 125.00 |
| Oscar Wilde, ævisaga, ib. | — | 145.00 |

